

Mánudaginn 2. desember 1985.

Nr. 143/1985. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)  
gegn

**Hallgrími Jóhannessyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Fjársvik. Brot gegn tékkalögum. Fyrning sakar.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Skaftason og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 21. janúar 1985 og þá jafnframt til þyngingar af hálfu ákærvalds. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 9. ágúst 1985.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð kvittun, er sýnir, að ákærði greiddi 7. desember 1983 að fullu tvo víxla annan að fjárhæð 18.857,00 krónur, en hinn að fjárhæð 37.714,00 krónur ásamt vöxtum og kostnaði. Víxla þessa hafði ákærði fengið frá Elliða h/f og afhent Magnúsi Hreggviðssyni, svo sem lýst er í héraðsdómi. Það athugast, að í dóminum er fjárhæð hærri víxilsins á einum stað ranglega tilgreind 27.714,00 krónur. Þá hefur verið lagt fram nýtt sakavottorð ákærða, er sýnir, að auk þeirra refsinga, sem um er rætt í héraðsdómi, var hann 10. október 1983 dæmdur í 12.000,00 króna sekt fyrir umferðarlagabrot og sættist 14. febrúar 1984 á 12.000,00 króna sekt, einnig fyrir umferðarlagabrot.

Tékki sá, er um ræðir í fyrri lið ákæru 14. mars 1984, er útgefinn 30. mars 1982. Eftir að mál hafði verið höfðað með ákæru 14. mars 1984, ákvað héraðsdómari fyrirtöku málsins 11. apríl s.á., og birti hann ákærða sjálfur 28. mars 1984 þá ákvörðun sína, en þá var 2 dögum miður en 2 ár frá útgáfudegi tékkans. Verður því að telja, að með þessari aðgerð héraðsdómarans hafi fyrningarfrestur rofnað, sbr. 4. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 6. gr. laga nr. 20/1981. Er sök því ófyrnd á útgáfu nefnds tékka. Ber því að refsa ákærða samkvæmt a lið 73. gr. laga nr. 94/1933, sbr. 1. gr. laga nr. 35/1977, fyrir notkun beggja tékkanna.

Að öðru leyti ber að fallast á sakarmat héraðsdóms og færslu

til refsíákvæða. Refsingu ákærða ber að ákveða með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga og 255. gr., sbr. 71. gr. sömu laga. Þykir refsíákvörðun héraðsdóms hæfileg.

Af hálfu ákærða hefur þess verið krafist, að bótakrafa Útvegsbanka Íslands verði tekin til meðferðar. Er vaxtakröfunni mótmælt, en hins vegar eigi höfuðstól kröfunnar. Verður ákvæði héraðsdóms um bótakröfuna staðfest að öðru leyti en því, að vextir af henni verði sem í dómsorði greinir.

Þá ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frá 20. desember 1983 greiði ákærði, Hallgrímur Jóhannesson, af skuld sinni við Útvegsbanka Íslands mánaðarlega dráttarvexti, eins og þeir eru ákveðnir hverju sinni af Seðlabanka Íslands, en þó aldrei hærrí en 4% dráttarvexti á mánuði eða broti úr mánuði.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 12.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 12.000,00 krónur.

#### **Dómur sakadóms Keflavíkur 11. september 1984.**

Ár 1984, þriðjudaginn 11. september, er í sakadómi Keflavíkur, sem haldinn er í skrifstofu dómsins, að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Guðmundi Kristjánssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1804/1982: Ákærvaldið gegn Hallgrími Jóhannessyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. f.m., hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dómnum með tveimur ákærum dags. 24. maí 1983 og 14. mars sl., á hendur Hallgrími Jóhannessyni, Lyngholti 19, Keflavík, fæddum 22. júní 1948 á Ísafirði.

Í fyrrnefndu ákærinni er ákærði sakaður um „fjársvik, með því að hafa, í júlímánuði 1982, blekkt forráðamenn fyrirtækisins Elliða h.f. í Þorlákshöfn til þess að samþykkja og afhenda sér víxil að fjárhæð kr. 63.956,00, pr. 16. september 1982, til greiðslu á tveimur víxlum, sem gjaldfallnir voru,

auk vaxta, enda þótt ákærði hefði þá ráðstafað þessum víxlum og gæti eigi leyst þá til sín. Seldi ákærði víxlinn, sem greiddist eigi á gjalddaga og var gert fjárnám í eignum fyrirtækisins, að undangengnum dómi um víxilkröfuna.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en til vara við 249. gr. sömu laga.“

Í síðarnefndu ákærinni er ákærða gefið að sök „að hafa, á árinu 1982, gefið út tvo innstæðulausa tékka á tékkareikninga ákærða og greitt með þeim víxilskuldir ákærða við Útvegsbanka Íslands, eins og nánar er lýst:

Tékka nr. 443123, á reikning nr. 2968 í aðalbanka Verslunarbanka Íslands h.f., að fjárhæð kr. 69.556.- stílaðan á Útvegsbanka Íslands, útgefinn 30. mars 1982 til aðalbankans.

Tékka nr. 918460, á hlaupareikning nr. 872 í aðalbanka Iðnaðarbanka Íslands h.f., að fjárhæð kr. 48.000.- stílaðan á Útvegsbankann, útgefinn 23. ágúst 1982 til útibúsins, Álfheimum 74 í Reykjavík.

Telst þetta varða við 73. gr. laga um tékka nr. 94, 1933, sbr. 1. gr. laga nr. 35, 1977 um viðauka við þau.“

Í báðum ákærunum er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og í síðarnefndu ákærinni einnig til greiðslu skaðabóta.

#### *Ákæra, dags. 23. maí 1983.*

Með bréfi til rannsóknarlögreglu ríkisins, dags. 28. október 1982, kærir Skúli Pálsson hrl. f.h. Útgerðarfélags Elliða h.f., Þorlákshöfn, ákærða fyrir brot á XXVI. kafla almennra hegningarlaga. Segir í kærubréfinu, að vorið 1982 hafi ákærði komið til Þorlákshafnar og selt þar net. Fyrirsvarsmenn nefnds félags hafi keypt nokkurt magn neta af honum og greitt fyrir með tveimur víxlum. Var annar að upphæð kr. 18.857,00 með gjalddaga 4. júní s.á. og hinn kr. 27.714,00 (sic) með gjalddaga 18. júní s.á. Ekki hafi kaupendurnir getað greitt víxlana á gjalddaga, og í samráði við ákærða varð úr, að þeir leystu til sín víxlana með nýjum víxli að fjárhæð kr. 63.956,00 með gjalddaga 16. september s.á. Í tölu þessari voru upphæðir nefndra víxla auk dráttarvaxta og forvaxta af nýja víxlinum.

Í kærubréfinu segir síðan, að þegar ákærða var afhentur nýnefndur víxill, voru hinir sagðir vera í banka, en myndu sendir í pósti samdægurs. Hins vegar sé nú ljóst, að ákærði gat eigi afhent víxlana, þar sem þeir voru ekki lengur í hans eigu.

Með bréfi lögmansins fylgdi ljósrit bréfs Magnúsar Hreggviðssonar til hans, dags. 15. október s.á., þar sem hann segist hafa víxlana tvo undir höndum.

Hafsteinn Viðar Ásgeirsson, Lýsbergi 9, Þorlákshöfn, fyrirsvarsaður nefnds félags, segir í vitnisburði sínum, að um miðja vetrarvertíðina 1982 hafi ákærði boðið sér þorskanet til kaups. Hafi orðið úr í byrjun apríl, að hann keypti 25 net af ákærða og greiddi fyrir þau með víxli að fjárhæð kr. 18.857,00 með gjalddaga 4. júní s.á. Líklega um hálfum mánuði síðar hafi hann keypt meira af netum af ákærða og greitt fyrir þau með víxli að fjárhæð kr. 37.714,00 með gjalddaga 18. júní s.á. Hann kveður ákærða hafa sagt, að gæti hann ekki greitt þessa víxla á gjalddaga, þá gætu þeir útbúið nýja víxla, sem greiða mætti á lengri tíma. Síðan segir Hafsteinn, að hann hafi verið staddur erlendis, þegar víxlarnir gjaldféllu. Hafði hann samband við eiginkonu sína og bað hana að hafa upp á ákærða til að ganga frá nýjum víxli. Gerði hún það og var víxillinn að fjárhæð kr. 63.956,00 með gjalddaga 16. september 1982. Var víxill þessi útbúinn 16. júlí s.á., en ekki hafði ákærði handbæra hina tvo víxlana, en sagðist koma þeim í póst strax næsta dag. Væru þeir í banka til innheimtu og yrði hann að nálgast þá. Ekki stóð ákærði við það, og upplýstist, að hann hafði látið Magnús Hreggviðsson fá þá í viðskiptum þeirra.

Ákærði kveðst hafa sagt eiginkonu nefnds Hafsteins, að víxlarnir tveir væru hjá nefndum Magnúsi, er nýi víxillinn var útbúinn, og að hann ætti erfitt með að ná þeim til baka, nema gengið yrði frá nýjum víxli. Hafi hann sagt henni, að hann mundi koma víxlunum til hennar á næstu dögum, eftir viku til 10 daga.

Í rannsóknarlögregluskýrslu 24. janúar 1983 segir ákærði, að hann geti ekki nú skilað víxlunum tveimur. Geti hann ekki leyst þá til sín eins og er, en nokkuð öruggt væri, að af því yrði fyrir næstu mánaðamót. Hann kvaðst ekki muna það upp á dag, hvenær hann afhenti Magnúsi títtnefnda tvo víxla, en það hafi annaðhvort verið síðari hluta aprilmánaðar eða fyrrihluta maímánaðar. Hann kvað það ekki hafa staðið til af sinni hálfu að láta Magnús hafa nýja víxilinn, heldur Pétur nokkurn Einarsson upp í gamla skuld ákærða við hann, sem hann og gerði.

Magnús Hreggviðsson hefur lýst því yfir, að hann hafi keypt umrædda víxla af ákærða líklega um mánaðamótin mars/apríl 1982.

Pétur Einarsson kvað ákærða hafa afhent sér nýja víxilinn sem greiðslu upp í skuld og hafi hann síðan selt hann Útvegsbanka Íslands.

Gögn málsins bera með sér, að aðför var gerð 22. mars 1983 í eignum Elliða h.f., Þorlákshöfn, vegna vanskila á víxlunum tveimur. Lýsti fógeti þá yfir fjárnámi í m.b. Guðfinnu Steinsdóttur ÁR 10, og mun mál þetta nú vera á uppboðsstigi. Þá er upplýst, að þetta á einnig við vegna vanskila á nýja víxlinum.

Með framburði ákærða og öðru því, sem hér hefur verið rakið, telst fullsannað, að hann hefur með framanlýstu atferli sínu gerst sekur um fjársvik

og þar með brotið gegn 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir broti hans rétt lýst í ákærinni.

*Ákæra, dags. 14.mars 1984.*

Með bréfi Útvegsbanka Íslands, dags. 21. september 1982, til RLR er beðið um rannsókn á útgáfu ákærða á tveimur innistæðulausum tékkum. Var annar þeirra að fjárhæð kr. 48.000, útg. 23. ágúst s.á. á hlaupareikning nr. 872 við Iðnaðarbanka Íslands h.f. í Reykjavík. Tékkinn var stílaður á Útvegsbankann og seldur nefndan dag, en við framvísun kom í ljós, að ekki var fyrir hendi næg innistæða á reikningnum til greiðslu hans.

Hinn tékkinn var útg. 30. mars 1982, að fjárhæð kr. 69.556, á reikning nr. 2968 við Verslunarbanka Íslands h.f., en stílaður á Útvegsbanka Íslands og seldur þar í aðalbankanum þann sama dag. Við framvísun hans í reikningsbankanum reyndist innistæða ekki næg til greiðslu.

Samkvæmt bréfinu voru kr. 28.450,60 á fyrrnefnda reikningnum og kr. 20.234,40 á þeim síðarnefnda, og var upphæðum þessum ráðstafað upp í umrædda tékka.

Ákærði hefur fyrir lögreglu og dómi kannast við að hafa gefið út báða þessa tékka og hafi honum þá verið kunnugt um, að ekki var næg innistæða fyrir hendi. Kvað hann það hafa verið algengt á þeim tíma, er hann gaf tékkana út, að hann hefði farið yfir á ávísanareikningum sínum í 2-3 daga, en það verið látið átölulaust af hálfu bankans. Ákærði kvaðst hafa notað tékka þessa til greiðslu víxla.

Með viðurkenningu ákærða og öðru því, sem hér hefur verið rakið, er sannað, að hann hefur gerst sekur um þá háttsemi, er greinir í ákærinni, og varðar brot hans við 73. gr. laga nr. 94/1933 um tékka, sbr. 1. gr. laga nr. 35/1977.

Útvegsbanki Íslands krefur ákærða um greiðslu eftirstöðva tékkanna, kr. 68.871,00 með 4% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 49.321,60 frá 30. mars 1982 til 23. ágúst s.á. og af kr. 68.871,00 frá þ.d. til greiðsludags og kr. 5.539,00 í innheimtulaun samkv. gjaldskrá LMFÍ.

Ákærði hefur samþykkt kröfu þessa.

Ákærði hefur samkvæmt sakavottorði sætt eftirtöldum kærnum og refsingum.

1964 18/9 á Ísafirði: Áminning fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1965 8/5 á Ísafirði: Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga, 217. gr. og 257. gr. hegningarlaga.

1966 13/6 í Reykjavík: Uppvís að brotum gegn 244. gr. hegningarlaga nr. 19, 1940. Ákærufrestun í 2 ár, frá d.d. Skal háður umsjón sérstaks eftirlitsmanns, tilnefnds af bæjarfógetanum á Ísafirði.

- 1966 1/11 á Ísafirði: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr., sbr. 44. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 1. gr., 3. gr., 7. gr. og 1. mgr. 81., sbr. 99. gr. lögreglusamþykktar Ísafjarðar nr. 12/1949.
- 1966 28/11 á Ísafirði: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr., sbr. 44. gr. laga nr. 58/1954.
- 1966 1/12 á Ísafirði: Sátt 1.500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr., sbr. 44. gr. áfengislaga og 231. gr. og 1. mgr. 257. gr. hegningarlaga.
- 1968 2/10 í Keflavík: Dómur, fangelsi í 6 mánuði, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga. Greiði skaðabætur, samtals kr. 35.500,00.
- 1971 5/4 í Keflavík: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 248. gr., sbr. 1. mgr. 256. gr. hegningarlaga. Greiði skaðabætur kr. 3.506,00.
- 1971 2/9 í Keflavík: Dómur, varðhald í 20 daga fyrir brot á 2. mgr. og 3. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 38. gr. og 3. mgr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuréttindum í 14 mánuði frá 5. apríl 1971.
- 1971 25/9 í Keflavík: Dómur, fangelsi í 1 ár fyrir brot á 1. mgr. 155. gr., 248. gr. og 261. gr. hegningarlaga. (Dómur frá 2.10. 1968 dæmdur með). Greiði fébætur.
- 1973 2/7 í Keflavík: Dómur, 25 daga varðh. fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 8.5. 1973.
- 1974 8/4 í Keflavík: Dómur, 18 mánaða fangelsi fyrir brot á 248. gr. og 261. gr. hegningarlaga.
- 1976 17/5 í Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.
- 1977 2/5 í Keflavík: Dómur, 100.000 kr. sekt f. brot g. 248. gr. og að hluta við 261. gr. hgl.
- 1977 6/10 Reynsulausn í 3 ár á eftirstöðvum refsingar, 450 dögum.
- 1982 13/7 í Keflavík: Sátt, 3.500 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 2. mgr. 50. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi 5 mán. frá 13.7. 1982.

Dómsmeðferð þess hluta málsins, er lýtur að útgáfu ákærða á tveimur innistæðulausum tékkum, hófst 11. apríl 1984. Voru þá meira en tvö ár liðin frá útgáfu eldri tékkans og sök ákærða að þessu leyti fyrnd með tilvísun til 1. tl. 81. gr. alm. hgl., sbr. 80. gr. sömu laga og 1. mgr. 73. gr. tékkalaga. Að þessu virtu þykir refsing ákærða með tilliti til fyrri ferils hans og 77. gr. alm. hgl. hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi.

Ákærði greiði Útvegsbanka Íslands kr. 68.871 auk 4% dráttarvaxta af kr. 49.321,60 frá 30. mars 1982 til 23. ágúst s.á. og af kr. 68.871 frá þ.d. til greiðsludags. Krafa um innheimtulaun er hins vegar ekki tekin til greina.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hjalta Steinþórssonar hdl., kr. 4.000.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hallgrímur Jóhannesson, sæti fangelsi 4 mánuði.

Ákærði greiði Útvegsbanka Íslands skaðabætur kr. 68.871,00 með 4% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 49.321,60 frá 30.3. 1982 til 23.8 s.á. og af kr. 68.871,00 frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hjalta Steinþórssonar hdl., kr. 4.000.

Fimmtudaginn 5. desember 1985.

Nr. 177/1985. **Ákæruvaldið**

(Pórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

**Péttri Þór Magnússyni**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Skjalafals. Skilorð. Sýknað af ákæru fyrir þjófnað.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Héraðsdómi var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 28. júní 1985 og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar, en frá þeirri kröfu hefur verið fallið við flutning málsins fyrir Hæstarétti. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 1. f.m.

Samkvæmt gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, greiddi ákærði hinn 18. f.m. að fullu kröfur þær, sem dæmdar voru í héraðsdómi og enn fremur dráttarvexti af þeim. Eru kröfurnar eigi til meðferðar fyrir Hæstarétti. Það athugast, að héraðsdómari dæmdi bætur til Skuldaskila h/f, án þess að séð verði, að krafa hafi nokkurn tíma verið gerð.